

Minnisblað


Dagsetning: 28.11.2023
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2023 – Fjöruúttekt á Sandgerðisleiru

Úttekt var unnin á 'sandmaðksleiru' í Sandgerði sumarið 2023. Sandmaðksleirur eru skilgreindar sem fremur eða mjög fínkornóttar leirur þar sem sandmaður er einkennistegund.¹ Strýtulaga úrgangshraukar maðksins eru víða mjög áberandi á yfirborði leirunnar. Sandmaðksleirur eru auðugar af dýrategundum sem flestar grafa sig niður í setið. Lítið er af stærri brúnpörungum en smávaxið þang getur vaxið á stærri steinum á leirunni. Einnig eru þar oft stöku kræklingaknippi og fylgja þeim ýmsar tegundir sem ekki er að finna annars staðar á leirunni. Sniðmælingar voru framkvæmdar með það að markmiði að telja sandmaðkshrauka og fá þannig mat á þéttleika sandmaðks, auk þess að kanna tegundasamsetningu stærri fjöruðýra á svæðinu í seti.

Framkvæmd

Sandgerðisleiran var heimsótt þann 6. júlí 2023 af starfsfólki Náttúrustofu Suðvesturlands. Sýnataka fór fram á fjöru og voru lögð út snið sem gengu þvert á fjöruna, milli efri marka hennar og neðri (1. mynd). Samtals voru lögð út tvö snið og á hvoru um sig voru átta stöðvar, koma staðsetningar sniðstöðva fram í Töflu 1. Efsta stöð á hverju sniði var staðsett neðan efri fjörumarka. Efsta stöð á hverju sniði var auðkennd A, sú næsta B o.s.frv. Á hverri stöð var lagður niður 1 x 1 m rammi. Ramminn samanstendur af 100 reitum (10 x 10 cm) (2. mynd A). Úrgangshraukar innan rammans voru taldir. Við hlið hvers 1 x 1 m ramma var settur einn 20 x 20 cm rammi. Allt var fjarlæggt innan úr minni rammanum niður á um 10 cm dýpi, til þess var notuð stunguskófla. Allt innihald rammans var síðan sigtað á staðnum með 4 mm sigti (2. mynd B). Öll dýr sem eftir sátu í sigtinu voru færð í sýnaglas og varðveitt í formalíni (síðan færð til varðveislu í 70% ethanóli). Við frekari úrvinnslu voru sýnin skoðuð undir víðsjá og greind til tegunda/hópa eftir því sem unnt var og fjöldi einstaklinga talinn.



1. mynd. Rannsóknasæðið í Sandgerði. Rauðir punktar sýna efstu stöðvar fjörusniða 1 og 2.

Tafla 1. Staðsetning fjörusniða á leiru í Sandgerði árið 2023.

Snið	Stöð	Decimal degrees	
		N	W
1	A	64,035645	-22,709684
1	B	64,035635	-22,710079
1	C	64,035638	-22,710442
1	D	64,035613	-22,710816
1	E	64,035631	-22,711201
1	F	64,035630	-22,711594
1	G	64,035698	-22,711988
1	H	64,035734	-22,712377
2	A	64,034184	-22,711315
2	B	64,034247	-22,711588
2	C	64,034305	-22,711868
2	D	64,034386	-22,712121
2	E	64,034447	-22,712430
2	F	64,034517	-22,712708
2	G	64,034562	-22,712982
2	H	64,034613	-22,713257



2. mynd. A) Þéttleikamat og setsýnataka á Sandgerðisleirunni. B) Sigtun sets framkvæmd á vettvangi.

Frumniðurstöður

Niðurstöður fjöruúttektar fyrir dýr á Sandgerðisleiru árið 2023 má sjá í töflum 2 og 3 hér að neðan.

Tafla 2. Fjöldi úrgangshrauka sandmaðks á fjörusniðum á Sandgerðisleiru árið 2023. Byggt á 1 x 1 m römmum.

Snið	Stöð							
	A	B	C	D	E	F	G	H
S1	15	32	18	34	17	16	15	14
S2	33	43	18	23	32	26	24	20

Tafla 3. Fjöldi dýrategunda á tveimur fjörusniðum á Sandgerðisleiru árið 2023. Byggt á 20 x 20 cm reitum.

Tegund/Species	S1								S2							
	A	B	C	D	E	F	G	H	A	B	C	D	E	F	G	H
Nemertine																
<i>Lineus ruber</i> (Müller, 1774)	1															
Not identified									11							
Annelida - Oligochaeta																
<i>Lumbricillus</i> sp.									1 1							
Annelida - Polychaeta																
<i>Arenicola marina</i> (Linnaeus, 1758)	1	3	2					1	3	1	2	2	1	1	1	1
<i>Capitella capitata</i> (Fabricius, 1780)	3								5 3							
<i>Cossura longocirrata</i> Webster & Benedict, 1887	1															
<i>Galathowenia oculata</i> (Zachs, 1923)									1							
<i>Hediste diversicolor</i> (O.F. Müller, 1776)	5	12	1	6												
<i>Levinsonia gracilis</i> (Tauber, 1879)									6							
<i>Malacoceros fuliginosus</i> (Claparède, 1868)	1 1															
<i>Mediomastus fragilis</i> Rasmussen, 1973								1								
<i>Phyllodoce maculata</i> (Linnaeus, 1767)									10							
<i>Pseudopolydora antennata</i> (Claparède, 1869)									1 (?)							
<i>Pygospio elegans</i> Claparède, 1863	359 3 55 4 3 21 17								182 8 14 728 3							
<i>Spio filicornis</i> (Müller, 1776)									1 46							
Mollusca - Bivalvia																
<i>Turtonia minuta</i> (Fabricius, 1780)									2							
Mollusca - Gastropoda																
<i>Littorina obtusata</i> (Linnaeus, 1758)	13* 1*								5* 2* 4* 31* 1*							
<i>Littorina saxatilis</i> (Olivi, 1792)	9*								1* 1* 1*							
<i>Nucella lapillus</i> (Linnaeus, 1758)	2*								1*							
egg mass									1							
Arthropoda - Isopoda																
<i>Idotea pelagica</i> Leach, 1816									1 2							
Harpacticoida	1								8 13 3							
Nematoda									49 3 1 35							
Foraminifera									669 605							

* tómar skeljar

Heimildir

1. Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 s.